

SKÝRSLA UM FLUGATVIK

(sbr. lög nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa)

M-09002/AIG-38

TF-TOE
PA 28-140
Á flugvelliðum á Sandskeiði
15. nóvember 2002



Markmið flugslysarannsóknna er að greina orsakabætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa skv. lögum nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa (sjá 1. gr. og 14. gr.).

Lofffarið

- tegund og skrásetning:	Piper PA 28-140, TF-TOE. Skráð til kennsluflugs
- framleiðsluár:	1964
- raðnúmer:	28-20257
- hreyflar:	Einn, 160 ha. Lycoming O-320-D2A bulluhreyfill
Dagsetning:	15. nóvember 2002, kl. 17:20
Staður:	Á flugvelli á Sandskeiði, 64°03'39''N, 021°34'29''V
Tegund flugs:	Kennsluflug
Fjöldi manna um borð:	Þrír
Meiðsl:	Engin
Skemmdir:	Hægri vængendi rispaðist og nefhjólsluggur bognaði
Flugmaðurinn	
- aldur og kyn:	23 ára kvenmaður
- flugreynsla:	370 stundir í heild 4,2 stundir á síðustu 90 dögum fyrir atvikið

Umfjöllun

Þann 15. nóvember 2002 fór flugkennari frá flugskólanum Flugsýn ehf í kynningarflug með tvo farþega á flugvélinni TF-TOE. Flugtak var frá Reykjavíkflugvelli um kl. 17:00 og var flogið um leið fjögur í austursvæði og síðan til flugvallarins á Sandskeiði. Eftir að hafa kannað aðstæður úr lofti ákvað flugkennarinn að lenda flugvélinni á flugbraut 33. Vindpoki sýndi að logn var á flugvelli og taldi flugkennarinn flugbrautina færa til landingar. Flugkennarinn lenti kl. 17:20 og samkvæmt lýsingu hans var landingin með eðlilegum hætti en fljótlega í landingarbruninu virtist sem hjól flugvélarinnar byrjuðu að sökkva þannig að verulega hægði á hraða hennar. Í lok landingarbrunsins sveigði flugvélina svo til vinstri og rakst hægri vængur hennar í flugbrautina.

Við rannsókn kom í ljós að holklaki hafði myndast í yfirborði flugbrautarinnar sem erfitt var að greina úr lofti en farið var að rökkva á flugvelli þegar atvikið varð. Samkvæmt upplýsingum úr Flugmálahandbók Flugmálastjórnar varð nótt í Reykjavík kl 17:26 þann 15. nóvember 2002.

Þann 6. nóvember 2002, eða níu dögum fyrir atvikið, gaf Flugmálastjórn út upplýsingar til flugmanna (NOTAM) þar sem varað var við að malarflugvellir gætu verið varasamir vegna holklaka og var flugmönnum bent á að kynna sér ástand þeirra hjá umdæmisstjóra. Eftir ábendingu frá RNF gaf Flugmálastjórn út NOTAM þremur dögum eftir atvikið um að flugbraut 15/33 á flugvelli á Sandskeiði væri lokuð vegna aurbleytu og holklaka.

Eftir atvikið flokkaði Flugskólinn Flugsýn flugvelli eftir gerð og áhættu þar sem meðal annars er stuðst við upplýsingar frá Flugmálastjórn til flugmanna (NOTAM) og Flugmálahandbók Flugmálastjórnar (AIP).

Tillögur í öryggisátt:

Engar

Reykjavík 31.október 2003

Rannsóknarnefnd flugslysa